

L Ö G

50

14. apríl

um Kennaraskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 7 mánuði á ári.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastarf í barnaskólum.

3. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, eitt Norðurlandamál, ensku eða þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði og siðfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teikningu, söng, handavinnu, skrift, íþróttir.

Heimilt skal að halda námskeið við skólann í ýmsum framan nefndum greinum, enn fremur í garðyrkju og trjárækt, þegar kostur er.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar og verða síðar leiðtogar barna og unglinga.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra seytján ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild. Þó getur fræðslumálastjórn veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

6. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt inntökupróf í skólann, er sýni, að hann hafi lokið sem svarar tveggja vetra gagnfræðanámi, eða sanna, að hann hafi lokið gagnfræðaprófi eða öðru prófi jafngildu. Nánari ákvæði um þetta setur ráðuneytið með reglugerð.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar kennara-próf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófskírteini.

Um inntöku stúdenta og annarra utanskólamanna fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem ráðuneytið setur.

Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla.

Við kennaraskólann og æfingaskólann skulu vera sex fastir kennarar auk skólastjóra og aukakennarar eftir þörfum, og séu þeir ráðnir í samráði við fræðslumálastjóra.

Fræðslumálastjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, enn fremur l. nr. 10 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ágústa Pétursdóttir, til heimilis í Reykjavík, fædd í Reykjavík 9. febr. 1915.
2. Börge Axel Jónsson, matsveinn, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn 12. okt. 1911.
3. Delphine María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. maí 1887.
4. Edmunda María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Póllandi 24. okt. 1896.
5. Flaviana María, abbadís, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 28. des. 1890.
6. Hals, Anders Ingebrigt Johan, útgerðarmaður, til heimilis í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi 5. okt. 1908.
7. Henriette María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. febr. 1905.
8. Lioba María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. júní 1903.